

Ed.

389. Nefndarátt

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1925.

Frá fjárveitinganefnd.

Það sýnist vera orðið að fastri venju, að fjárveitinganefnd efri deildar sje ætlaður naumur tími til þess að athuga og afgreiða fjárlagafrumvarpið, og svo hefir orðið i þetta sinn. Nefndinni barst frv. þetta ekki í hendur fyr en 4. þ. m.; hún hefir því ekki haft nema eina 8 daga til afgreiðslu þess, og töluvert af þessum tíma hefir farið í það að veita mönnum þeim áheyrn, er óskað hafa viðtals við nefndina. Þessa fáu daga hefir nefndin því orðið að vinna öllum stundum, sem afgangs hafa verið frá öðrum störfum, og oft haldið 3 fundi á dag. Hins vegar hefir og nefndin frá því i þingbyrjun unnið að fjárlagafrumvarpinu, eftir því er

hún hafði frekast tók á, lesið og athugað hin mörgu erindi, sem fjárveitinga- nefndunum hafa borist frumvarpinu viðkomandi, jafnóðum og hún gat fengið þau frá háttv. fjárveitinganefnd neðri deildar, og haldið til þessa samtals 30 fundi, er flestir hafa staðið 2 tíma. En þó að nefndinni hafi þannig gefist tími til at- hugunar á mörgum atriðum, þá hefir henni þó ekki verið mögulegt að ganga frá nokkru til fulls fyr en sjeð varð, hvernig neðri deild afgreiddi frumvarpið, en það var ekki fyr en um síðastl. mánaðamót, eins og áður hefir verið tekið fram.

Um fjárlagafrumvarp þetta, eins og það var lagt fyrir Alþingi af hendi fyrverandi stjórnar, vill nefndin taka það fram, að hún viðurkennir fúslega sparnaðarviðleitni þá, er þar kemur fram í ýmsum atriðum, og telur nefndin með því stefnt í rjetta átt. Fjárhag ríkisins er þannig komið, að fylstu alvöru og festu verður að sýna í allri meðferð á fje landsins. En hins vegar virðist nefnd- inni, að hæstvirt stjórn hafi í sumum atriðum gengið helst til langt til sparnaðar, eða lengra en mögulegt er í raun og veru. Á þetta einkum við þau lögboðnu gjöld, sem ekki er mögulegt að komast hjá að greiða. Allar slíkar greiðslur verð- ur að áætla í fjárlögum eins og búast má við, að þær verði, eftir því sem frekast má sjá, og með því einu móti er mögulegt að fá yfirlit það, sem á er hægt að byggja viðvikjandi fjárreiðum ríkisins.

Háttvirt fjárveitinganefnd neðri deildar hefir gert ýmsar þær breytingar á frumvarpinu, er bæta úr áminstum göllum, áætlað mun herra ýms óumflýjanleg gjöld en gert var í stjórnarfrumvarpinu og einnig gert nokkrar breytingar til hækkunar á ýmsum tekjuliðum þess, þar sem fært þótti, eftir líkum að dæma.

Nefndin vill ennfremur taka það fram, að hún telur háttv. fjárveitinga- nefnd neðri deildar hafa sýnt virðingarverða sparnaðarviðleitni í meðferð fjárlaga- frumvarpsins, þó hún hinsvegar hafi máské farið nokkuð langt í einstökum at- riðum. Þótt fjárveitinganefnd efri deildar vilji gera sitt besta til þess að halda umræddri sparnaðarstefnu, finnur hún sig knúða til að breyta nokkrum gjalda- liðum frumvarpsins til hækkunar þeim og bæta við nokkrum nýjum, þar sem henni virtist óumflýjanlegt. Nefndin leggur ekki til, að gerðar sjeu breytingar á tekjubálki fjárlagafrumvarpsins við 2. umræðu, en býst við að athuga þann kafla til 3. umræðu.

Breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar sjeu á frumvarpinu, hafa þegar verið lagðar fram á sjerstöku þingskjali (nr. 376). En hjer vill nefndin leit- ast við að gera nokkra grein fyrir þeim og öðru því, er henni þykir sjerstaklega máli skifta.

7. gr.

Fjárveitinganefnd neðri deildar taldi vexti af innlendum lánnum of lágt áætlaða og hækkaði því þann lið um 100 þús. krónur. Nú hefir fjármálaráðherra tilkynt fjárveitinganefnd efri deildar, að liður þessi sje enn þá um 140 þús. kr. of lágt áætlaður. Nefndin sá sjer því ekki annað fært en að hækka liðinn upp í 500000 krónur.

10. gr.

Nefndin fjekk upplýsingar um það hjá stjórninni, að fjárveiting til skrif-

stofu ríkissjéhirðis væri of lágt áætluð og ekki væri hægt að breyta þar neinu um í starfsmannahaldi frá því, sem nú er. Virtist henni því ekki verða hjá því komist að hækka liðinn upp í 20 þús. krónur.

11. gr.

Síðan skattalögin nýju komu í gildi og dýrtíðin byrjaði hafa erfiðleikar á innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík aukist að miklum mun og það svo, að um síðustu áramót lágu hjá bæjarfógeta um 3000 beiðnir um lögtök á manntalsbókargjöldum og um 7000 beiðnir um lögtök á bæjargjöldum frá bæjargjaldkera. Bæði lögreglustjóri og borgarstjóri hafa lagt ríka áherslu á það, að lögtök þessi væru framkvæmd sem allra fyrst og bent á, hvílíkt tjón stafaði af því fyrir ríkissjóð og bæjarsjóð, ef það yrði ekki gert, bæði vaxtatap og svo hitt, að gjöldin gætu orðið ófánleg, ef dráttur yrði á framkvæmd lögtakanna.

Það var nú bert, að fulltrúi sá hjá bæjarfógeta, sem hefir baft lögtökin á hendi auk annara fógetastarfa, lausafjáruppboða, notarialstarfa, búuppskrifta og daglegrar afgreiðslu á bæjarfógetaskrifstofunni, gæti ekki með nokkru móti annað öllum þessum störfum svo viðunandi væri, og heimilaði því stjórnin um áramótin bæjarfógeta að bæta við sig fulltrúa fyrst um sinn í þrjá mánuði, er hefði ekki öðrum störfum að gegna en lögtökum fyrir lögreglustjóra og borgarstjóra, hefði 9 stunda vinnutíma á dag og 300 krónur í kaup á mánuði auk verðstuðuls-
uppbótar.

Fulltrúi þessi hefir nú starfað í 3 mánuði og framkvæmt 117 lögtaksgerðir fyrir lögreglustjóra með árangri, en 1368 árangurslausar lögtakstilraunir. Fyrir bæjargjaldkera hefir hann framkvæmt 327 lögtaksgerðir, og nema ríkissjóðsgjöldin fyrir þær einar kr. 1786,00, sem þegar eru greiddar í ríkissjóð, en ríkissjóðsgjöldin fyrir allar lögtaksgerðir og lögtakstilraunir, sem þessi fulltrúi framkvæmdi á þessum þrem mánuðum, nema alls kr. 5498,00.

Nefndin verður að viðurkenna þörfina fyrir þennan viðbótarfulltrúa hjá bæjarfógeta og telur vist, að sú þörf muni og verða fyrir hendi árið 1925. Þar sem tekjur ríkissjóðs af störfum hans og munu reynast mun meiri en laun hans, leyfir hún sjer að leggja til, að þau verði tekin upp í fjárlagafrv.

Fangahúsið á Ísafirði brann nýlega, og verður þar ekki komist af án fangahúss. Í Vestmannaeyjum vantar og tilfinnanlega slíkt hús síðan stjórnin fyrir 10—12 árum seldi fangahús, sem landið átti áfast við þinghús hreppsins.

Stjórnin hefir því farið fram á það við nefndina, að hún tæki upp í frv. fjárhæð til þessa, því gæsla sakamanna hefir oft reynst landinu ærið dýr þar, sem fangahús vantar, og nefndin ekki sjeð annað fært en gera það.

Nefndin hefir í samráði við stjórnina hækkað liðinn B. 6, í því skyni að björgunarbáturinn »Þór« verði betur útbúinn en hingað til hefir verið, svo hann verði færari um að hafa á hendi strandvarnir.

12. gr.

Eins og skýrt er frá í nefndaráliiti háttv. fjárveitinganefndar neðri deildar, hafa Borgfirðingar áformað að byggja sjúkraskýli og læknisbústað nú í vor á jörð, sem læknishjeraðið hefir keypt í því augnamiði, og er nú þegar byrjað að

undirbúa þá byggingu, grafa fyrir grunni og kaupa byggingarefni, í þeirri vissu von, að Alþingi veiti umbedinn styrk til þessa fyrirtækis. Nefndin leggur það til, að umræddu lækniþjónu sje veittur 15 þús. kr. styrkur til byggingar sjúkraskýlis, þar sem svona er ástatt, þótt hún hins vegar sjái sjer ekki fært að mæla með styrk til annara sjúkraskýla, þar sem undirbúningur er skemra á veg kominn, í þetta sinn, og fjárhagur ríkissjóðs er erfiður.

13. gr.

Vegamálastjóri skýrði nefndinni frá því, að brýna nauðsyn bæri til að bækkja fjárveitingu til viðhalds flutningabrautum, þar eð ekki yrði hjá því komist að endurbæta ýmsa vegakafila, svo þeir yrðu færir yfirferðar, og koma í veg fyrir hættulegar skemdir á ýmsum stöðum. Leyfir nefndin sjer því að leggja það til, að liður þessi verði hækkaður upp í 100000 kr.

Nefndinni þótti rjett að nema þessi orð »vor og haust« í burtu úr skilgröðum þeim, sem sett eru fyrir styrk til bifreiðaferða, þar eð styrknjótendur verða, samkvæmt athugasemdinni, að hlita þeim reglum, sem stjórnin setur um ferðirnar.

Símastjóri hefir tjáð nefndinni, að naumast yrði hjá því komist að hætta við laun nokkurra simastúlkna, sem svaraði 25 kr. á mánuði. Telur simastjóri stúlkur þessar vera 35 talsins og væru 28 þeirra í Reykjavík, en 7 utan Reykjavíkur. Nefndin athugaði þetta atriði og sá, að sanngirni mælti með því, að liður þessi væri hækkaður upp í 10500 kr., og leyfir sjer því að leggja það til.

Steindóri efnisverði Björnssyni, sem er einn af starfsmönnum landssímans, eru í núgildandi fjárlögum ællaðar sem launauppbót 200 kr. með hverju barni hans, sem eru 8 talsins og öll á ómagaaldri. Maður þessi á, samkvæmt skýrslum þeim, er hann hefir sent fjárveitinganefnd um hagi sína, mjög erfitt uppdráttar, og mun efnahagur hans ekki hafa batnað síðan í fyrra. Nefndin vill því leggja það til, að honum verði veittar sem launauppbót í þetta sinn 150 kr. með hverju barni hans, eða samtals 1200 kr.

14. gr.

Skrifstofukostnað biskups telur nefndin of lágt settan í frv. og leggur til, að hann verði hækkaður, svo að hann verði eins og hjá landlækni.

Nefndin getur ekki að svo komnu fallist á þá lækku, sem gerð hefir verið á borgun til hjeradslæknisins í Reykjavík fyrir kenslu við háskólann. Kensla þessi er ekki skyldustarf læknisins, og gæti því farið svo, að hún legðist alveg niður eða að úr henni yrði dregið að miklum mun, ef laun þau, er hingað til hafa verið greidd fyrir þetta starf, ern lækkuð.

Þá leggur nefndin til, að bætt verði inn nýjum lið til kennara í lagalæknisfræði, 500 kr. Þessi liður hefir stundum staðið í fjárlögum og stundum ekki, en ætíð verið borgaður út, og svo mun eins verða áfram. Rjettara virðist því, að þetta standi í fjárlögum.

Nefndin leggur til, að launaupphæðin til fastra kennara mentaskólans verði hækkuð, með það fyrir augum, að cand. mag. Kristinn Ármannsson verði ráðinn þar fastur kennari. Þessi maður lauk kennaraprófi í Danmörku næstliðið sumar í latínu, grísku og ensku. Baudst honum þá þegar álitleg kennarastaða í

Danmörku, en hann hafnaði henni vegna tilmæla frá þáverandi forsætisráðherra, sem óskaði eftir, að hann tækist á hendur kenslu við mentaskólann. Var hann síðan ráðinn til skólans frá 1. okt. 1923 til jafnlengdar 1924 með byrjunarlaunum adjunkta. Nú hefir þessi maður óskað eftir, að honum væri trygð til framhúðar þessi kennarastaða, og hefir rektor skólans mælt eindregið með því. Telur hann skólanum mikla nauðsyn að fá hann sem fastan kennara, bæði vegna þess að hann sje einkar álitlegur kennari, og auk þess hafi hann lokið mjög góðu embættisprófi í þeim námsgreinum, er skólanum sje mest þörf á nýjum kennara í. Nefndin telur rjett að sinna þessari málaleitun, bæði vegna þess að þetta er beint áframhald af því, sem þegar er búið að gera, og einnig af því að maðurinn hefir sakir þessara ráðstafana afsalað sjer annari stöðu, sem þó er betur launuð en embætti það, er hann fær við mentaskólann.

Í sambandi við fjölgun fastra kennara við mentaskólann leggur nefndin til, að liðurinn til timakenslu lækki um 3000 krónur.

Í fjárlögunum fyrir 1924 er ætlaður nokkur styrkur til að gefa út kensluþækur handa mentaskólanum. Nefndin vill taka upp dálttinn styrk í þessu skyni, svo framhald geti orðið á starfinu.

Með breytingu þeirri, sem fyrirhugað er á yfirsetukvennaskólanum, er námstíminn lengdur allmikið. Af þeim sökum sjer nefndin ekki, að komist verði hjá því að hækka lítillaga tvo kostnaðarliði við skólann.

Fjárhagur kvennaskólans í Reykjavík er mjög þröngur, sjerstaklega vegna hárrar húsaleigu, er hann þarf að greiða. Nefndinni virðist því nauðsyn bera til þess að veita honum nokkurn húsaleigustyrk, sjerstaklega þar sem skólinn er nú búinn að starfa í 50 ár.

Nefndin ætlast til þess, að skólagjöld þau, er greidd verða við Flensborgarskólann, renni til skólans sjálfs, og telur að með því sje skólanum trygður ekki minni styrkur en frumvarpið gerir ráð fyrir.

15. gr.

Styrkinn til að safna til íslenskrar orðabókar hefir neðri deild lækkað úr 7000 kr. niður í 4000. Nefndin leggur til, að hann verði settur 5000 kr. með tilliti til þess, að fjárhagur þess manns, sem að henni vinnur, er mjög þröngur.

Verði styrkurinn til Þórbergs Þórðarsonar ekki hærri en frv. gerir ráð fyrir, er útilokað, að hann geti haldið starfinu áfram. En þar sem nefndin er þeirrar skoðunar, að starf hans við að safna orðum úr alþýðumáli verði til mikils gagns við samningu vísindalegrar orðabókar síðar meir, þá leggur nefndin til, að styrkurinn verði hækkaður lítið eitt.

Guðm. G. Bárðarson er einn af okkur ágætustu vísindamönnum. Hefir hann um nokkurt skeið haft með höndum ýmiskonar náttúrufræðirannsóknir og unoið á því sviði ótrúlega mikið og merkilegt starf. Hann hefir skrifað mikið í útlend vísindarit um uppgötvánir sínar, enda er starfi hans fylgt með mikilli athygli af erlendum vísindamönnum. Þegar hann fluttist að Akureyrarskólanum eftir beiðni margra merkta manna, þá mun hann hafa sett það skilyrði og treyst því, að vísindastyrkur sá, er hann þá hafði, hjeldist óbreyttur, 1800 kr. Nú kveðst

hann búast við, að hann neyðist til að hverfa frá skólanum og að búi sínu, er hann yfirgaf fyrir 3 árum, ef hann fái ekki kjör sín að einhverju leyti bætt. Með því að nefndinni er kunnugt um, að efnahagur hans er afarþröngur, og hinsvegar að það væri óbætanlegt tjón fyrir skólann að missa svo ágætan kennara, þá leggur hún til, að vísindastyrkur hans verði hækkaður upp í það, sem hann áður var.

Fjárhæð þá, er ætluð er til veðurathugana og veðurskeyta, telur nefndin allmikið of lága til þess, að sú starfræksla komi að því gagni, sem til er ætlast. Vill hún því hækka þennan lið nokkuð og væntir, að þá megi með ýrtrustu sparsemi nokkurn veginn halda í horfi þessari starfsemi.

16. gr.

Nefndin leggur til, að Samband íslenskra heimilisiðnaðarfelaga fái til umráða þær 6000 kr., er um getur í tölul. 17, óskertar, en ætlast hins vegar til, að af þessu fje veiti Sambandið frk. Ástu Sighvatsdóttur einhvern styrk, ef hún heldur uppi vefnaðarnámskeiði í líku sniði og hún hefir gert. Jafnframt vill nefndin viðurkenna margra ára starfsemi frk. Halldóru Bjarnadóttur í þarfir heimilisiðnaðarins, með því að veita henni sjerstaklega 1200 kr. styrk til að vinna að útbreiðslu og eflingu heimilisiðnaðar.

Bjarni Magnússon hefir haft á hendi nú í allmörg ár fangagæslu í Stykkishólmi, en aldrei fengið neitt fyrir það, annað en mjög ljelega íbúð á lofti fangahússins, svo ljelega, að tæplega mun hægt að telja forsvaranleg mannahibýli. En þar sem reynslan hefir sýnt, að nauðsynlegt sje að fangaverðir búi í fangahúsunum, vill nefndin leggja það til, að manni þessum sjeu veittar í eitt skifti fyrir öll umræddar 800 krónur.

23. gr.

Þó að nefndin fyrir sitt leyti sje ekki mótfallin því, að stjórn Landsbankans hagi slíkum greiðslum vegna Skeiðaáveitufjelagsins á þann hátt, sem heimilað er, þá telur hún ekki rjett, að löggjafarvaldið blandi sjer í starfrækslu bankans á þennan hátt, sjerstaklega þar sem þetta atriði er ekki fram komið eftir ósk bankastjórnarinnar og hefir ekki verið undir hana borið. Leggur nefndin því til, að málgreinin verði feld niður,

Alþingi, 14. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Hjörtur Snorrason,
fundaskrifari.

Guðm. Ólafsson.

Einar Árnason.

Ingibjörg H. Bjarnason.